

greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Föstudaginn 30. janúar 1942.

Nr. 104/1941. **H/f Magni**

gegn

Ingibjörgu Sveinsdóttur.

Dómur hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, h/f Magni, er eigi mætir í málinu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

Miðvikudaginn 4. febrúar 1942.

Nr. 76/1941. **Réttvísinn og valdstjórnin**

(Sigurgeir Sigurjónsson)

gegn

Sigurði Sörenssyni (Garðar Þorsteinsson).

Bifreiðarstjóri dæmdur til refsingar eftir alm. hegnl. og bifreiðalögum og sviptur ökuleyfi fyrir að valda meiðslum með gálausum akstri.

Dómur hæstaréttar.

Brot ákærða voru framin meðan lög nr. 71/1930 um bifreiðar voru enn í gildi. Með of hröðum og gálausum akstri braut hann gegn ákvæðum 1. og 2. málsg. 6. gr. og 15. gr. þeirra laga. Vöntun nýts hraðamælis í bifreið hans varðaði við 7. málsg. 6. gr. sömu laga. Nefnd háttsemi ákærða varðar nú við 9. gr., 2. málsg. 26. gr. og 28. gr. gildandi laga um bifreiðar nr. 23/1941, og ber að ákveða refsingu samkvæmt 38. gr. þeirra laga, samanber 2. gr. hegningar-

laga nr. 19/1940. Enn fremur varðar hegðun ákærða við 219. gr. hegningarlaganna, svo sem í héraðsdómi segir. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 45 daga varðhald. Þá þykir og rétt samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941, sbr. 5. gr. laga nr. 71/1930 og 2. gr. hegningarlaganna, að svipta ákærða leyfi til að aka bifreið 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt þessum úrslitum ber að staðfesta ákvæði héraðsdómsins um sakarkostnað og dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 140 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Sigurður Sörensson, sæti varðhaldi í 45 daga.

Hann skal sviptur leyfi til að aka bifreið 1 ár frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sigurgeirs Sigurjónssonar og Garðars Þorsteinssonar, 140 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 18. ágúst 1941.

Ár 1941, mánudaginn 18. ágúst, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu embættisins af Jónatan Hallvarðssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2528/1941: Réttvísinn og valdstjórnin gegn Sigurði Sörenssyni.

Málið er höfðað gegn ákærðum fyrir brot gegn 23. kafla almennra hegningarlaga, bifreiðarlögum nr. 75 1940 og lögum um breytingu á þeim, nr. 22 1941, sbr. nú bifreiðalög nr. 23 1941.

Ákærður er Sigurður Sörensson, bifreiðarstjóri, til heimilis Njálsgötu 110, hér í bæ. Hann er fæddur í Stykkishólmi 27. sept. 1920. Hann hefur sætt eftir töldum refsingum:

1940 % Réttarsátt, 30 kr. sekt fyrir brot á reglum um einstefnuakstur.

1941 2% Áminning fyrir að skeyta ekki umferðabendingu lög-regluþjóns.

1941 2% Áminning fyrir afturljósleysi á bifreið.

Hinn 1. júní s. l. ók ákærður bifreiðinni R. 655 norður Suður-götu úr Skerjafirði áleiðis til miðbæjar. Á móts við Íþróttavöllinn gengu á hægri vegarkanti þrír Færeyingar og viku til vinstri, er bifreiðin nálgadist. En sá þeirra, er yztur fór, varð það síðbúinn, að hann varð fyrir bifreiðinni, hlaut af því stórfellda áverka og var þegar fluttur á Landsspítalann. Er nafn hans Hans Páli Samuelsen, fiskimaður, 38 ára að aldri. Hinn 24. júlí lýsir Þórar-inn Guðnason, læknir á Landsspítalanum, meiðslum hans þannig:

„Hans P. Samuelsen, 39 ára, frá Færeyjum, var fluttur hingað á spítalann þ. 1. júní s. l. vegna slyss og hefur legið hér síðan. Á h. fótlegg var opið beinbrot (báðar pípurnar brotnar). Í h. fram-handlegg eru bæði beinin einnig brotin og eitt úlnliðsbeinið gengið úr skorðum (Luxatis ossis lunati dx).

Hinn slasaði hefur verið mjög illa haldinn vegna meiðslanna, en liður nú sæmilega. Hann mun eiga mjög lengi í afleiðingum slyssins (sennilega marga mánuði) og verður ef til vill aldrei jafngóður.“

Um akstur sinn skýrði ákærður lögreglunni svo frá, að hann hefði farið með á gizka 60—65 km hraða miðað við klst. Fyrir réttinum gizkaði hann á 45—50 km. Hraðamælir bifreiðarinnar var í ólagi, og varð því ekki eftir honum farið. Þegar hann tók eftir vegfarendunum, kveðst hann hafa verið kominn að suður-horni Íþróttavallarins, en þeir verið á móts við völinn miðjan. Hann kveðst hafa gefið hljóðmerki og stigið á fóthemil bifreið-arinnar til þess að vera reiðubúinn að hemla, ef á þyrfti að halda. Hann segist þó hafa stigið af hemlinum aftur, þegar hann sá, að mennirnir viku, þannig að hún hélt alltaf sama hraða. Er hann hafði rekizt á manninn, stöðvaði hann bifreiðina, og var það 54 metrum frá þeim stað, er maðurinn lá. Kveðst hann hafa stöðvað hana smám saman og ekki geta gert sér grein fyrir, hvers vegna hann ekki stöðvaði hana strax. Lögreglan prófaði hemla bifreiðarinnar þegar eftir slysið, og reyndust þeir vera í ágætu lagi.

Auk hins slasaða manns hafa 5 vitni verið leidd um akstur bifreiðarinnar, félagar hans tveir, Jakob Meinhard Holm og Mikael Sophus Hammer, tveir brezkir setuliðsmenn, er gengu á móti bifreiðinni nokkuð á eftir Færeyingunum, George Frederick Squires og Reginald Gilbert Heran, og ennfremur Steinn Kristinn Steindórsson, skrifstofumaður, er bifreiðin ók fram hjá, rétt áður en slysið vildi til.

Um akstur bifreiðarinnar ber þeim öllum saman, að hann hafi verið mjög hraður. Bretarnir hafa gizkað á, að bifreiðin hafi farið

45—50 milur, miðað við klst. Steinn Steindórsson hefur ekki talið sig hafa séð bifreið fara öllu hraðara. Um bifreiðina var að vitni þeirra rykmökkur. Enginn þeirra heyrði hljóðmerkið.

Hinn slasaði maður hefur skýrt frá því, að hann hafi orðið bifreiðarinnar var, er hún var komin fyrir hornið á Íþróttavellinum, en þá var hann sjálfur meðfram honum miðjum. Gengu þeir félagar heldur á hægri kanti vegarins og fremur dreift. Strax og þeir urðu bifreiðarinnar varir, viku þeir allir til vinstri, og kveðst hann hafa vikið án nokkurs hiks. Hann kveðst hafa gengið venjulegan gang, ekki flýtt sér, því bifreiðin hafi verið svo langt undan. Kemur þessi framburður heim við skýrslu félaga hans. Reginald Gilbert Heran segir aftur á móti, að sér hafi virzt Færeyingarnir hika nokkuð og eins og hugsa sig um, til hvorrar handarinnar þeir skyldu vikja, hikið hafi þó aðeins varað augnablik. Telur hann, að hefði hinn slasaði maður staðið kyrr, mundi hann hafa sloppið við bifreiðina. George Frederick Squires telur hann og hafa hikað nokkuð, og hafi það orðið honum happ, því ella hefði hann lent á miðjum bílnum. Ákærður sjálfur telur hinn slasaða mann hafa vikið upp að girðingu vallarins, þegar félagar hans héldu til vinstri, en síðan séð sig um hönd og haldið á eftir þeim og þess vegna orðið það seinn fyrir, að hann lenti á bifreiðinni. Hvorugt hinna ensku vitna hefur staðfest þá frásögn ákærðs, að hann hafi fyrst vikið upp að girðingunni.

Ákærður hefur skýrt frá því, að Hans Páli Samuelsen hafi lent á vinstra bretti bifreiðarinnar og kastazt til vinstri aftur með henni. Höggið kom á brjóst honum. Hann féll aftur á bak hér um bil á miðjan veginn.

Þegar slysið skeði, voru í gildi bifreiðalög nr. 70 1931, en síðan hafa gengið í gildi hin nýju bifreiðalög. Ber því að dæma málið samkvæmt þeim með hliðsjón af hinum fyrri lögum, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga. Með hinum hraða akstri sinum og það i einum rykmekki svo og með því athæfi sínu, að hægja ekki á bifreiðinni, er hann sá vegfarendur framundan, hefur hann gerzt sekur við 26. gr., 2. mgr., og 27. gr., 1. mgr., sbr. 38. gr. bifreiðalaganna nr. 23. 1941. Þá litur rétturinn enn fremur svo á, að heimfæra beri athæfi hans undir 219. gr. hegningarlaganna. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 30 daga varðhald.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun til skipaðs talsmanns sins, Sigurðar Ólasonar hdm., er ákveðast kr. 120.00.

Málið hefur verið rekið vítalaut.

Þvi dæmist rétt vera:

Ákærður, Sigurður Sörensson, sæti varðhaldi í 30 daga. Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin máls-

varnarlaun til skipaðs talsmanns sins, Sigurðar Ólasonar hdm., kr. 120.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 6. febrúar 1942.

Nr. 31/1941. **Snæbjörn Jónsson**

(cand. jur. Magnús Thorlacius)

gegn

Kristjáni Guðlaugssyni (Sjálfur).

Krafa um, að ritstjóri dagblaðs birti í blaði sínu auglýsingu um lyktir meiðyrðamáls á hendur honum.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Björn lögmaður Þórðarson.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 17. apríl f. á., hefur krafizt þess *aðallega*, að stefnda verði að viðlögðum hæfilegum dagsektum dæmt skylt að birta í dagblaðinu „Visi“ forsendur og niðurlag dóms í bæjarþingsmáli Reykjavíkur nr. 455/1940 eða *til vara* það úr forsendum téðs dóms, er dómurinn ákveði. Til vara krefst áfrýjandi, að stefnda verði dæmt að greiða honum hæfilega fjárhæð til að standast kostnað af birtingu nefnds dóms samkvæmt ákvörðun hæstaréttar. Svo krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir báðum dómum eftir mati hæstaréttar. Stefndi krefst staðfestingar á héraðsdómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti, en til vara, að málskostnaður fyrir hæstarétti verði látinn falla niður.

Áfrýjandi fékk með áðurnefndum bæjarþingsdómi nokkur ummæli, sem í dómi þeim eru talin og birtust í blaðinu „Visi“, dæmd dauð og ómerk. Stefnda, sem í bæjarþingsdóminum er talinn bera ábyrgð á ummælum þessum, er samkvæmt 11. gr. tilsk. 9. maí 1855 skylt að birta í blaðinu „Visi“, sem hann er ritstjóri að, auglýsingu um málalok. En til er skilið, að efni þeirrar auglýsingar sé þannig, að sjá